

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um stofnun mannréttinda- og lýðræðisráðs

Borgarstjórn samþykkir að stofna mannréttinda- og lýðræðisráð. Ráðið taki við verkefnum mannréttindaráðs og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og verði í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við mannréttindaskrifstofu og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum mannréttindaráðs og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.